

Handbók Karatefélags Akureyrar




Efnisyfirlit

1. Skipurit.....	3
Lög Karatefélags Akureyrar	3
Markmið	5
2. Umgjörð þjálfunar og keppni.....	6
Kennslu og æfingaskrá.....	6
Mótanefnd KAI	7
3. Fjármál og rekstur	7
Fjárhagsáætlun	8
4. Þjálfarar.....	8
5. Félagsstarf.....	8
6. Foreldrastarf	8
7. Fræðsla og forvarnir	9
8. Jafnréttisáætlun.....	9
9. Viðbragðsáætlun.....	10
10. Umhverfismál.....	10
11. Siðareglur	10
12. Persónuverndarstefna	11
Almennt.....	11
Um hverja safnar KFA persónuupplýsingum?	11
Hvaða persónuupplýsingum er safnað ?	11
Á hvaða grundvelli safnar KFA persónuupplýsingum?.....	12
Varðveislutími	12
Öryggi persónuupplýsinga.....	12
Miðlun persónuupplýsinga og notkun vinnsluðila.....	12
Réttindi skráðra einstaklinga	13
Fyrirspurnir og kvartanir til Persónuverndar	13

1. Skipurit

Skipurit Karatefélags Akureyrar byggir á lögum félagsins



Lög Karatefélags Akureyrar

Samþykkt á aðalfundi KFA 18.10.2022

1.gr.

Félagið heitir Karatefélag Akureyrar, skammstafað KFA. Heimili félagsins og varnarþing er á Akureyri.

2. gr.

Tilgangur félagsins er að stuðla að eflingu og iðkun félagsmanna sinna í Karate og auka virðingu fyrir Karate-íþróttinni á Akureyri og í nágrenni

3. gr.

Merki félagsins er rauður hringur á hvítum grunni. Í rauða hringnum eru tveir aðilar að æfa Karate saman í hvítum lit. Fyrir ofan stendur "KARATEFÉLAG" og fyrir neðan, "AKUREYRAR-GOJU RYU". Aðalstjórn er heimilt að útfæra breytt form á merki félagsins sem notast má við í tilteknum tilvikum.

4. gr.

1. Félagsmaður getur hver sá orðið, sem stundar æfingar hjá félaginu, og hlýtur samþykki stjórnar félagsins og kennara, óháð kyni, kynhneigð, litarhætti, trú eða þjóðerni
2. Stjórn félagsins áskilur sér rétt til að meina mönnum um félagsaðild og víkja mönnum úr félaginu, sem gerst hafa brotlegir við almenn hegningarlög eða sýna af sér háttsemi sem er til þess fallin að vega að heiðri félagsins eða Karate-íþróttarinnar.
3. Þeim, sem meinað er um félagsaðild eða er víkið úr félaginu, getur borið þá ákvörðun stjórnar undir félagsfund.
4. Félaginu er heimilt að innheimta félags og æfingargjöld, og er félaginu heimilt að binda félagsaðild við það fólk, sem reglulega stunda æfingar, eða eru í skilum með félags eða æfingargjöld

5. gr

1. Stjórn félagsins skipa 5 aðilar: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Einnig skal leitast við að félagi 16 ára eða yngri skuli sitja aðalfundi félagsins, með bæði málfrelsi og atkvæðisrétt. Stjórnin skal kosin á aðalfundi félagsins ásamt tveimur varamönnum og tveimur skoðunarmönnum, sem hafa það hlutverk að fara yfir ársreikning félagsins.
2. Stjórnin skal kosin með handa uppréttingu eða skriflega, komi fram krafa um það, til eins árs í senn.
3. Stjórn félagsins gætir hagsmuna félagsins í hvívetna. Hún ber ábyrgð á eigum þess, boðar til funda, samþykkir félagsmenn og sér um rekstur félagsins,
4. Ákvörðun meirihluta stjórnar er bindandi fyrir félagið.
5. Stjórn félagsins skiptir með sér verkum og getur skipað félagsmenn í nefndir og ráð, eftir atvikum, sem hafa sérstökum hlutverkum að gegna í þágu félagsins. Þá er stjórn félagsins heimilt að stofna fastar nefndir og ráð, sem kosið verður í á aðalfundi.

6.gr.

1. Reikningar félagsins miðast við 1janúar ár hvert.
2. Á aðalfundi skal leggja fram ársreikning síðasta starfsárs til samþykktar, sem vottaður er af tveimur skoðunarmönnum félagsins. Hafa þeir þann starfa að kanna hvort öllu sé til haga haldið í bókhaldi félagsins og upplýsa aðalfund, hvort þeir leggi til að reikningar félagsins skuli samþykktir, ella benda á atriði sem, þeir telja, að ekki samræmist góðum reikningsskilavenjum. Skulu skoðunarmenn árita ársreikning félagsins, þar sem koma skal fram álit þeirra.

7. gr.

1. Aðalfund skal halda í apríl ár hvert.
2. Aukaaðalfund og félagsfund skal halda svo oft sem stjórn félagsins ákveður eða skrifleg ósk berst stjórn félagsins, undirrituð af minnst 10 gildum félagsmönnum. Stjórn félagsins er heimilt að boða til framhaldsfundar með einfaldri tilkynningu þar um á aðalfundi.
3. Til aðalfundar skal boða með minnst tveggja vikna fyrirvara og er hann lögmæltur, sé löglega til hans boðað. Löglega telst boðað til aðalfundar með tilkynningu á vef félagsins eða á tölvupóstlista, og með auglýsingu í æfingahúsnæði félagsins.
4. Á aðalfundi skal taka mál fyrir í þeirri röð sem hér segir, að kosningu fundarstjóra aflokinni:
 - a. Skýrsla stjórnar.
 - b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar, áritaðir af skoðunarmönnum.
 - c. Lagabreytingatillögur bornar fram, ef einhverjar eru.
 - d. Kosning stjórnar, varamanna og skoðunarmanna.

- e. Kosning í nefndir og ráð.
 - f. Önnur mál.
5. Á aðalfundi gera ritari og formaður grein fyrir liðnu starfsári félagsins og fara yfir skýrslu stjórnar. Gjaldkeri félagsins gerir grein fyrir reikningum félagsins og ber þá undir aðalfund, til samþykktar eða synjunar. Fundarstjóri stýrir fundi og öðrum dagskrárliðum.
 6. Að jafnaði skulu tillögur að lagabreytingum hafa borist stjórn félagsins þremur vikum fyrir aðalfund. Í fundarboði skal taka fram hvort fyrirhugaðar séu lagabreytingar á aðalfundi.
 7. Einfaldur meirihluti fundarmanna ræður úrslitum mála. Tvo þriðju hluta atkvæða fundarmanna aðalfundar þarf til að breyta lögum félagsins. Til slita á félaginu þarf einróma samþykki allra fundarmanna aðalfundar, eða tvo þriðju fundarmanna, að fram kominni tillögu stjórnar þar um.
 8. Félagsfundur getur ályktað um almenn málefni félagsins og beint ályktunum sínum til stjórnar félagsins. Þá getur félagsfundur endurskoðað ákvarðanir stjórnar um félagsaðild manna. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum mála á félagsfundi.
 9. Atkvæðisrétt á fundum félagsins hafa félagsmenn einir.

8. gr.

Verði félagið lagt niður, skulu eignir þess renna til Íþróttabandalags Akureyrar til varðveislu, þar til annað félag með sama nafni og sama tilgang verður stofnað á Akureyri. Óheimilt er að ráðstafa eignum félagsins eða fá öðrum félögum eignir þess til afnota eða eignar.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og falla jafnframt úr gildi öll eldri lög félagsins. Aðeins má breyta lögnum á aðalfundi félagsins.

Markmið

Þátttaka barna og unglinga

Að stjórn KFA sjái til þess að:

1. þjálfarar hafi fagþekkingu með hliðsjón af menntakerfi ÍSÍ og sérsambanda til að stjórna og þjálfa börn og unglinga og skipuleggi íþróttastarfið við þeirra hæfi.
2. þjálfarar efli á markvissan hátt ýmsa þroskaþætti barna, s.s.
 - a. Félags-, tilfinninga og siðgæðisþroska.
 - b. Líkamsþroska.
 - c. Skyn og hreyfiþroska.
3. íþróttastarf sé skipulagt á þann hátt að börn og unglingar nái tökum á báðum greinum karate sem hjá íþróttafélaginu eru stundaðar

4. Gefinn sé kostur á að stunda keppnis- og afreksíþróttir í báðum greinum karate
5. Samfara íþróttaiðkun sé unnið með aga, stundvísi og reglusemi þar sem fylgt er Barna- og unglingastefnu ÍSÍ

Að rækta heilbrigða sál í hraustum líkama!

Keppnis- og afreksíþrótt

Að aðalstjórn KFA og þjálfarar stuðli að:

- Markvissri eflingu félagslegra þátta keppnis- og afreksfólks.
- Skipulagi þjálfunar með bætta heilsu að leiðarljósi.
- Aukinni fræðslu og þekkingu iðkenda á líkama og heilsu.
- Því að styðja við einstaka afreksmenn eins og kostur er.
- Því að keppnis- og afreksíþróttamenn séu góðar fyrirmyndir.

Aðalstjórn KFA skal gæta þess að hafa sem jöfnustu skipan allra kynja sem gefur glögga mynd af þverskurði félagsins. Gjaldgengir í stjórnir félagsins eru allir skuldlausir félagsmenn 18 ára og eldri hafa þeir atkvæðisrétt, málfrelsi, tillögurétt og kjörgengi til stjórnarstarfa á aðalfundi félagsins. Aðalstjórn hvetur með markvissum hætti til þátttöku ungs fólks í félagsstarfi KFA og hefur það á stefnu sinni að ungt fólk eigi fulltrúa í aðalstjórn félagsins hvort sem er með formlegu kjöri eða sem áheyrnarfulltrúi unga fólksins.

2. Umgjörð þjálfunar og keppni

Kennslu og æfingaskrá

Kennt er í tveimur önnum með beltapróf í lok annar eftir kröfum yfirþjálfara hverju sinni.

Beltakerfi er hannað af yfirþjálfara. Grunnkrafa er að mæting á æfingar sé að lágmarki 60 % til að eiga rétt á að taka beltapróf. Yfirþjálfari getur að öðrum kosti gefið leyfi til að þreyta próf ef meiðsli eða óviðráðanleg forföll hafa verið á önninni. Iðkandi ræður hverju sinni hvort hann þreytir beltapróf. Iðkendum er skipt í hópa eftir aldri, þroska og getu sem hentar hverjum einstaklingi.

Mjög breiður aldurshópur stundar karate og hóparnir samanstanda af iðkendum sem eru byrjendur og lengra komnir. Grunnmarkmið í öllum hópum er að iðkandi kynnist þeim greinum sem karate býður upp á, sem eru kata og kumite. Yfirþjálfara er heimilt að færa á milli hópa eftir hans mati og að þörfum iðkanda. Engin þrýstingur er á að iðkandi keppi í karate en öllum er kynnt keppnisgreinar karate og ef iðkandi vill keppa er honum sinnt með viðeigandi stuðningi þjálfara.

Yngri hópur

Fyrir 6 - 9 ára iðkendur. Lögð er áhersla á iðkun grunnæfinga í karate. Helstu markmið er að auka styrk, þol og liðleika. Auka sjálfstraust iðkandans í karate og undirbúa hann fyrir beltapróf. Ef iðkandi sýnir áhuga á að reyna við keppni er viðeigandi undirbúningur gerður.

Eldir hópur

Fyrir 10 - 17 ára iðkendur. Lögð er áhersla á iðkun grunnæfinga fyrir byrjendur í karate og framhaldsæfingar fyrir lengra komna. Helstu markmið er að auka styrk, þol og liðleika. Að auka sjálfstraust iðkandans í karate og undirbúa hann undir keppni á vegum KAÍ ef iðkandi sýnir áhuga.

Unglingar

Fyrir 12- 18 ára. Ef fjöldi iðkenda kallar á að bæta þarf við hóp eða nauðsyn er vegna fjölda iðkanda sem undirbúa þarf fyrir keppni, þá er unglingahópur myndaður.

Fullorðnir

Fyrir 18 -99 ára. Lagt áherslu á grunnæfingar og að æfingar séu á þeim hraða sem hentar iðkendum hverju sinni.

Mótanefnd KAÍ

Félagið skal hafa skráðan starfsmann í mótanefnd KAÍ sem er kosinn ár hvert á aðalfundi.

Starfsmaður undirbýr mót sem KFA tekur þátt í hvert ár og skal vera tengiliður KAÍ auk þess að :

- Skrá keppendur KAÍ á mót hverju sinni í Sportdata.com.
- Skipuleggja ferðamáta og gistingu á mót.
- Sjá til þess að keppendur hafi allan búnað sem nauðsynlegur er.
- Skrá starfsmenn og þjálfara í Sportdata.com.

3. Fjármál og rekstur

Heilbrigður rekstur, upplýsingagjöf og eftirlit með rekstri eru mikilvægir þættir í rekstri KFA. Félagið starfar samkvæmt lögum félagsins og ber að færa bókhald og skila ársreikningum samkvæmt lögum, reglum og góðri reikningsskilavenju. Aðalstjórn KFA er ábyrgðaraðili fjármála félagsins.

Aðalstjórn KFA, skal hafa eftirfarandi hluti í huga við **fjármálastjórn** sína:

- Laun þjálfara miðast við menntun, reynslu og ábyrgð þjálfara hverju sinni.
- Tryggt sé að laun þjálfara séu sambærileg og sanngjörn óháð kyni þjálfara/iðkenda.
- Allir starfsmenn félagsins, ef einhverjir eru, skulu vera með skriflega ráðningarsamninga.
- Markmið skal vera að hafa uppfærðar upplýsingar um fjölda iðkenda deilda hverju sinni. Eingöngu innheimtufulltrúi og gjaldkerar viðkomandi deilda skulu hafa aðgang að upplýsingum um greiðslustöðu iðkenda félagsins.
- Innheimtuaðgerðir skulu ávallt beinast að forráðamönnum iðkenda undir 18 ára aldri, en ekki iðkendum sjálfum.
- Starfsfólk aðalstjórnar sér um greiðslu reikninga og bókhald fyrir félagið í heild sinni.

Aðalstjórn KFA, skal hafa eftirfarandi hluti í huga við **fjárhagsáætlun** sína:

- Að nákvæm fjárhagsáætlun sé gerð fyrir félagið.

- Að markvisst eftirliti sé með áætlanagerð félagsins og að endurskoðun sé virk og fari reglulega fram.
- Að félagið stofni ekki til skulda og skili hallalausum rekstri í ársuppgjöri.
- Þjálfarastörf hafa ekki verið launuð, laun verða ekki greidd nema fjárhagsstaða félagsins gefi tilefni til.
- Að meta fjárhagsstöðu félagsins reglulega og gæta ráðdeildar í rekstri.

Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun er birt í sér skali á heimasíðu félagsins í flípa um félagið undir gögn vegna fyrirmyndafélag ÍSÍ.

4. Þjálfarar

Stefna KFA er að þjálfarar hafi menntun samkvæmt kröfum ÍSÍ. Félagið hvetur til þess og styður við að þjálfarar sækji sér menntun sem og endurmenntun. Þjálfun þarf að vera skipulögð og markviss og taka mið af viðkomandi íþróttagrein sem og þarfa einstaklinga og hópa. Mikilvægt er að þjálfarar hafi þekkingu og færni til að leiðbeina iðkendum og hafi aðgengi að góðum leiðbeiningum og eða stefnu félagsins t.d. þjálfarastefnu ÍSÍ.

Þjálfarar hjá KFA eru fyrirmyndir iðkenda sem og annara og skulu þekkja verkferla félagsins er varða umgengni, samskipti og reglur. Aðstoðarþjálfari skal ávallt vera til staðar ef fjöldi í hóp kallar á auka aðstoð við þjálfun, viðmið 10 iðkendur í hóp eða aukinn fjöldi byrjenda í hóp.

5. Félagsstarf

Eitt af meginhlutverkum KFA er að virkja sem flesta til þátttöku í almennu félagsstarfi. Meðal aðgerða aðalstjórnar KFA til að hvetja til félagsstarfs eru að:

- Aðalstjórn skipuleggur og heldur almenna viðburði fyrir félagsmenn með reglubundnum hætti.
- Fastir viðburðir aðalstjórnar eru belta afhendingar KFA í desember og maí ár hvert. Aðalstjórn vinnur að og heldur viðburði sem teljast jákvæðir fyrir ímynd félagsins og íþróttastarf s.s. afmæli félags, uppskeruhátíðir sem og aðra viðburði sem efla félagsanda.

6. Foreldrastarf

Aðalstjórn KFA leggur áherslu á að hvetja til foreldrasamstarfs og eigi í góðum samskiptum við forráðamenn iðkenda félagsins. KFA fylgir því eftir með því að:

- Stuðla að því að virkt foreldraráð sé innan félagsins.
- Aðalstjórn upplýsi foreldra um helstu markmið og stefnur félagsins.
- Vinna að því að fá foreldra til starfa að félagsmálum innan félagsins.

Allir foreldrar/forráðamenn iðkenda KFA eiga aðild að ráðinu. Stjórn foreldraráðs hefur umsjón með verkefnum þess í umboði foreldra. Foreldraráð heyrir undir stjórn KFA. Stjórn KFA er heimilt að breyta umboði foreldraráðs, hvað varðar þau verkefni sem ráðið tekur þátt í og skipuleggur. Stjórn foreldraráðs skal að jöfnuði vera skipað til tveggja ára í senn og reynt að tryggja a.m.k. tvo

fulltrúa á því tímabili. Foreldraráð getur ekki gert samninga í nafni KFA eða skuldbundið KFA fjárhagslega.

Helstu verkefni foreldraráðs:

- Vera hagsmunaaðilar iðkenda og foreldra
- Stuðla að góðu samstarfi milli iðkenda, stjórnenda og þjálfara.
- Koma að fræðslumálum með stjórnendum félagsins
- Aðstoða við mótahald félagsins.
- Aðstoða við beltaafhendingar félagsins
- Að skipuleggja félagsstarf utan hefðbundna æfinga sem stuðlar að eflingu og uppbyggingu iðkenda.
- Aðstoða við fjáröflun keppnishóp KFA.

7. Fræðsla og forvarnir

KFA ber að starfa í samræmi við stefnuýfirlýsingu ÍSí um íþróttir barna og unglunga og hafa áætlun í fræðslu- og forvarnarmálum. Félagið skal starfa eftir íþróttastefnu Akureyrarbæjar, íþróttanámskrá ÍBA og fyrirmyndarfélag ÍSí. Faglegt starf tekur mið af grunnþáttum barnvænna sveitarfélaga. Aðalstjórn KFA hefur samþykkt og vinnur eftir viðbragðsáætlun gegn einelti, jafnréttisáætlun og siðareglum sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins. Þá hefur aðalstjórn KFA komið sér upp verkferlum vegna kynferðislegrar áreitni.

Til þess að fylgja eftir fræðslu og forvörnum KFA leggur aðalstjórn áherslu á að:

- Vinna eftir forvarnarstefnu ÍSí.
- Standa fyrir fræðslu fyrir iðkendur og foreldra um gildi íþróttar og ýmsa þætti þeim tengda s.s. næringu, svefn og hvíld.
- Tryggt sé að haldnir séu fyrirlestrar fyrir iðkendur og félagsmenn.
- Leiti eftir fræðslu frá og í samvinnu við sérmenntað fólk og stofnanir þeim tengdum varðandi forvarnir á ýmsum sviðum.
- Þekki og vinni eftir samþykktum stefnum félagsins, persónuverndarstefnu, siðareglum, jafnréttisáætlun og viðbragðsáætlun gegn einelti.
- Samráðsfundir þjálfara innan félags séu haldnir.

8. Jafnréttisáætlun

Aðalstjórn KFA hefur komið sér upp og samþykkt jafnréttisáætlun sem byggir á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla. Jafnréttisáætlun er jafnframt byggð á vinnu ÍSí og Jafnréttisstofu. Jafnréttisáætlun KFA er aðgengileg á heimasíðufélagsins www.karateakureyri.is.

Meðal þess sem fram kemur í jafnréttisáætlun KFA er að félagið:

- Stuðli að greiðum aðgangi allra kynja að þeim íþróttum sem hjá félaginu eru stundaðar.
- Stuðli að því að öllum kynjum séu kynntar þær greinar sem stundaðar eru hjá félaginu.
- Stuðli að því að skapa öllum jafna möguleika á að stunda íþróttir innan félagsins.
- Gæti að samræmi í fjárveitingum til íþróttagreina eftir kynjum.
- Gæti að jafnrétti í umfjöllun á milli kynja.
- Gæti að því að verðlaun og viðurkenningar séu sambærilegar á milli kynja.
- Vinni gegn staðmyndun kynjanna.
- Komi í veg fyrir kynbundið ofbeldi, og kynferðislega áreitni.
- Gæti vel að menntun þjálfara og að þjálfarar njóti sömu eða sambærilegra kjara fyrir sambærileg eða sömu störf.
- Gæti að kynjahlutfalli í nefndum, ráðum og stjórnnum félagsins

9. Viðbragðsáætlun

KFA tekur alfarið mið af nýrri viðbragðsáætlun íþrótt- og æskulýðsstarfs sem sjá má [hér](#) í áætluninni er að finna verkferla sem skal fylgja þegar upp koma atvik eða áföll í íþrótt- og æskulýðsstarfi.

10. Umhverfismál

Karatefélag Akureyrar vill starfa í góðri sátt við umhverfi sitt og samfélag. Almennt er farið eftir gildandi stefnu ÍSí og samningum við Akureyrarbæ í umhverfismálum.

Félagið hvetur notendur mannvirkja á félagssvæði KFA til að ganga vel um öll íþróttamannvirki, búnað og áhöld.

Félagið mótar sér stefnu í umhverfismálum sem miðar að því að flokka úrgang sem og að leitast við að nota umhverfisvænar rekstrarvörur þar sem það á við.

Félagið safnar reglulega einnota umbúðum í nærumhverfi sínu og skilar til endurvinnsluaðila.

Félagið hvetur til umhverfisvænna samgangna sé þess kostur.

Félagið hvetur til þess að iðkendur noti frístundarútur og eða aðra umhverfisvæna samgöngumáta.

Félagið leggur áherslu á að fulltrúar félagsins á félagssvæði KFA eða í æfinga og keppnisferðum séu til fyrirmyndar og umgangist umhverfi sitt af virðingu.

11. Siðareglur

Markmið siðareglna KFA er að veita félagsmönnum, þjálfurum, starfmönnum, sjálfbóðaliðum, iðkendum og foreldrum almennar leiðbeiningar bæði í leik og starfi. Þær skulu vera félagsmönnum hvatning og stuðningur í starfi og sýnilegar á heimasíðu félagsins.

- Komdu fram af heilindum og háttvísi gagnvart sjálfum þér og öðrum.
- Gættu trúnaðar og þagmælsku í störfum þínum en þó innan takmarkana lögboðinnar tilkynningarskyldu.
- Misnotaðu ekki valdastöðu þína eða hverskonar yfirburði sem þú kannt að hafa yfir öðrum.
- Gættu jafnræðis og varastu að misbjóða virðingu einstaklinga eða hópa t.d. Hvað varðar kynþátt, þjóðernisuppruna, trú, lífsskoðun, fötlun, félagslega stöðu, aldur, kynhneigð, kynvitund, kyneinkenni eða kyntjáningu á öllum sviðum samfélagsins.
- Taktu aldrei, hvort heldur sem er með beinum eða óbeinum hætti þátt í veðmálum, fjárhættuspilum eða viðskiptum í tengslum við íþróttaviðburði sem þú getur haft áhrif á.
- Þiggðu hvorki gjafir eða hlunnindi sem geta leitt til þess að rýra trúverðugleika, sjálfstæði eða hlutleysi þitt.
- Samþykktu aldrei eða sýndu ógnandi eða ofbeldisfulla hegðun eða áreiti þar með talið kynbundið og kynferðislegt og beittu þér gegn því.

12. Persónuverndarstefna

Karatefélag Akureyrar hefur sett sér persónuverndarstefnu í samræmi við lög og skyldur félagsins, núverandi útgáfa var samþykkt af aðalstjórn félagsins 18.10.2022

Almennt

Karatefélag Akureyrar, kt.711008-1440, Langamýri 30, 600 Akureyri (hér eftir KFA) hefur einsett sér að tryggja áreiðanleika og öryggi persónuupplýsinga sem KFA ber ábyrgð á og meðhöndlar í starfsemi sinni, í samræmi við gildandi lög og reglur um persónuvernd. KFA ber ábyrgð á vinnslu og meðferð persónuupplýsinga í starfseminni ýmist sem ábyrgðaraðili eða vinnsluaðili.

Persónuverndarstefnu þessari er ætlað að veita almenna fræðslu til einstaklinga um vinnslu persónuupplýsinga sem KFA hefur með höndum sem ábyrgðaraðili. KFA mun þó einnig leitast við að veita frekari fræðslu til einstaklinga eftir þörfum, meðal annars í formi sértækrar fræðslu vegna einstakra aðgerða og í tengslum við fyrirspurnir sem berast félaginu um persónuvernd og persónuverndarstefnu þessa.

Um hverja safnar KFA persónuupplýsingum?

Meginreglur persónuréttar fela meðal annars í sér að persónuupplýsingar séu áreiðanlegar og uppfærðar og að unnið sé með þær samkvæmt skýrt tilgreindum og málefnalegum tilgangi, einnig að hófsemi sé gætt við skráningu persónuupplýsinga. KFA leggur áherslu á að meginreglur persónuréttar séu virtar og ávallt hafðar í huga þegar persónuupplýsingar eru meðhöndlaðar. Til þess að tryggja það veitir KFA starfsfólki sínu reglulega fræðslu og þjálfun á því sviði. Starfsemi KFA er þess eðlis að það er óhjákvæmilegt að persónuupplýsingum sé safnað um mismunandi hópa einstaklinga. Sem dæmi um hópa einstaklinga sem KFA safnar persónuupplýsingum um eru: lðkendur, og starfsmenn; tengiliðir viðskiptamanna, birgja og aðra aðila sem KFA er í sambandi vegna starfsemi sinnar.

Hvaða persónuupplýsingum er safnað ?

KFA meðhöndlar meðal annars eftirfarandi tegundir persónuupplýsinga í starfsemi sinni:

- Lýðfræðilegar upplýsingar um iðkendur, umsækjendur um styrki, starfsmenn og starfsumsækjendur;
- Upplýsingar um keppnisárangur iðkenda og framvindu þjálfaranáms
- Ljósmyndir af gestum á viðburðum og mótahaldi á vegum KFA
- Upplýsingar tengdar ráðningarsambandi starfsmanna, meðal annars upplýsingar í ráðningarsamningi, upplýsingar vegna námskeiða, upplýsingar tengdar launaákvörðunum og greiðslu launa, m.a. heilsufarsupplýsingar tengdar orlofi og upplýsingar um stéttarfélagsaðild

Þegar unnið er með viðkvæmar persónuupplýsingar eru gerðar viðeigandi tæknilegar og skipulagslegar öryggisráðstafanir til að tryggja öryggi upplýsinganna.

Á hvaða grundvelli safnar KFA persónuupplýsingum?

KFA vinnur persónuupplýsingar í þágu starfsmennar og er tilgangurinn meðal annars að tryggja lögbundið hlutverk sitt sem og markmið félagsins sem er að meginmarkmiði að sjá til þess að í félaginu séu skapaðar aðstæður þannig að einstaklingar geti eft þroska sinn og fengið tækifæri til iðkunar þeirra íþróttar sem hjá félaginu eru stundaðar. KFA safnar persónuupplýsingum einkum á grundvelli lagaskyldu, lögmætra hagsmuna, samninga og samþykkis skráðra einstaklinga.

Á KFA hvílir lagaskylda til þess að eiga tilgreind persónugreinanleg gögn, svo sem vegna ákvæði laga t.d. bókhaldslaga og vegna upplýsingagjafar til opinberra aðila eða sérsambanda innan ÍSÍ

Varðveislutími

Meginhluti þeirra upplýsinga sem safnað er í starfsemi KFA eru geymdar ótímabundið enda hafa þær sögulegt gildi fyrir félagið. KFA telst jafnframt afhendingarskyldur aðili á grundvelli laga um opinber skjalasöfn og er þar af leiðandi óheimilt að ónýta eða farga nokkru skjali sem fellur undir gildissvið laganna, nema með heimild þjóðskjalavarðar. Gögn sem ekki falla undir gildissvið laganna eru einungis geymd í þann tíma sem nauðsynlegt er vegna tilgangs vinnslunnar sem um ræðir eða samkvæmt ákvæðum laga.

Öryggi persónuupplýsinga

KFA leitast við að grípa til viðeigandi tæknilegra og skipulagslegra ráðstafana til að vernda persónuupplýsingar og tekur í því samhengi tillit til eðlis upplýsinganna sem um ræðir og umfangs. Þáttur í því er að stuðla að virkri öryggisvitund starfsmanna með reglulegri fræðslu og þjálfun. Verði öryggisbrestur sem hefur í för með sér áhættu fyrir einstaklinga mun KFA tilkynna slíkt án ótilhlýðilegrar tafar til Persónuverndar. Í ákveðnum tilfellum ber KFA einnig að tilkynna skráðum einstaklingum um slíka öryggisbresti. KFA hefur komið sér upp verkferlum til að bregðast við slíkum aðstæðum hratt og vel.

Miðlun persónuupplýsinga og notkun vinnsluaðila

KFA kann að miðla persónuupplýsingum til þriðju aðila vegna ýmissa ástæðna. Um þjónustuaðila getur verið að ræða, eins og upplýsingatækni- eða öryggisfyrirtæki, sem hefur aðgang að persónuupplýsingum sem KFA ber ábyrgð á í tengslum við veitingu þjónustu eða til að ljúka við verkefni. Þegar vinnsluaðilar eru notaðir til að ljúka ákveðnu verki eða veita þjónustu tryggir KFA að aðeins sé veittur aðgangur að persónuupplýsingum sem nauðsynlegt er vegna verksins og að um ábyrgða vinnsluaðila sé að ræða sem tryggja öryggi upplýsinganna og virða reglur

persónuverndar. KFA kann einnig að vera skylt samkvæmt lögum að afhenda þriðja aðila, eins og stjórnvöldum, upplýsingar sem tengjast starfi íþróttahreyfingarinnar. KFA selur ekki undir neinum kringumstæðum persónugreinanlegar upplýsingar.

Réttindi skráðra einstaklinga

Einstaklingar eiga rétt á því að vita hvaða persónuupplýsingar KFA vinnur um þá og geta beint fyrirspurn um það til KFA í gegnum netfangið rut@karateakureyri.is eða maggi@karateakureyri.is. Í ákveðnum tilvikum eiga einstaklingar meðal annars rétt á að: óska eftir aðgangi að og afriti af persónuupplýsingum, að persónuupplýsingar séu leiðréttar og/eða að þeim sé eytt; að mótmæla vinnslu persónuupplýsinga og takmarka; og að draga til baka samþykki fyrir vinnslu. Réttindi skráðra einstaklinga kunna að vera háð takmörkunum sem leiða meðal annars af lögum eða hagsmunum annarra sem upplýsingarnar varða. KFA mun verða við öllum beiðnum einstaklinga innan mánaðar frá viðtöku í gegnum framangreint netfang. Sé beiðni umfangsmikil eða flókin getur orðið töf á afgreiðslu. Tilkynnt er um slíkt og skýring gefin á töfinni. KFA mun krefjast auðkenningar áður en erindi eru afgreidd til að koma í veg fyrir að upplýsingar berist í hendur óviðkomandi aðila.

Fyrirspurnir og kvartanir til Persónuverndar

Öllum fyrirspurnum í tengslum við persónuvernd hjá KFA eða persónuverndarstefnu þessa skal beina í gegnum netfangið rut@karateakureyri.is. Einnig er þó hægt að hafa samband í síma 6907886

Ef einstaklingur er ósáttur við vinnslu KFA á persónuupplýsingum og afgreiðslu erinda er hægt að kvarta til Persónuverndar og má finna upplýsingar um slíkt ferli inn á heimasíðu Persónuverndar: www.personuvernd.is.

Breytingar á persónuverndarstefnunni

Persónuverndarstefnan er endurskoðuð reglulega og kann því að taka breytingum. Breytingar á stefnunni öðlast gildi við birtingu á heimasíðu KFA: www.karateakureyri.is